

## Fréttatilkynning

### Rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska váttryggingamarkaðnum

Með ákvörðun samkeppnisráðs, föstudaginn 30. apríl sl., lauk rannsókn samkeppnisyfirvalda á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska váttryggingamarkaðnum. Rannsóknin sem staðið hefur yfir frá því í september 1997 hófst með húsleit hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) og Íslenskri endurtryggingu hf. (ÍE). Rannsóknin hefur verið mjög umfangsmikil og hefur m.a. náð til reksturs samsteypa váttryggingafélaganna, samstarfs innan hagsmunasamtaka o.fl. Þá beindist rannsóknin, í kjölfar erindis frá FÍB í júní 1999, að meintum aðgerðum tryggingafélaganna gegn sk. FÍB-tryggingum og iðgjaldaákvörðunum vegna bifreiðatrygginga.

Aðilar málsins, SÍT, ÍE, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Váttryggingafélag Íslands hf., hafa sæst á niðurstöðu rannsóknarinnar og munu hlíta þeim fyrir mælum sem samkeppnisráð beinir til þeirra.

#### I.

Niðurstaða rannsóknarinnar, sem nær til tímabilsins 1993-1999, er m.a. eftirfarandi:

**1. Innan Sambands íslenskra tryggingafélaga var á ýmsum sviðum farið út fyrir þann ramma sem samkeppnislög setja samstarfi fyrirtækja í hagsmunasamtökum.**

-SÍT gekk of langt í hagsmunagæslu fyrir tryggingafélögin, m.a. með miðlun upplýsinga um markaðsleg málefni, og hvatti til hindrana sem ekki eru í samræmi við samkeppnislög.

-SÍT fór gegn samkeppnislögum í opinberu fyrirsvari um verðlagsmál tryggingafélaganna.

-SÍT kvartaði endurtekið við eftirlitsaðila vegna innkomu nýs keppinautar á markaðinn og steig með því skrefi lengra en samkeppnislög heimila.

-Við mat á áhrifum lagabreytinga og í upplýsingamiðlun um matið fóru SÍT og ÍE í bága við samkeppnislög.

-SÍT hafði samkeppnishamlandi afskipti af kaupverði og viðskiptakjörum tryggingafélaganna á þjónustu sem félögin kaupa af læknum og lögmönnum.

-Innan SÍT og ÍE fóru fram samkeppnishindrandi viðræður um aðgerðir gagnvart keppinautum tryggingafélaganna og viðskiptavinum þeirra.

**2. Innan Íslenskrar endurtryggingar hf. átti sér stað samkeppnishamlandi samvinna á váttryggingamarkaði.**

-Umfjöllun á vettvangi ÍE um að takmarka samkeppni í starfsábyrgðartryggingum var ekki í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

-Umræða innan ÍE um tryggingar smærri fiskiskipa var í andstöðu við samkeppnislög.

3. Ekki hefur verið sýnt fram á að í iðgjaldabreytingum á ökutækjatrýggingum á árunum 1996 og 1999 hafi falist ólögmett samráð eða samstilltar aðgerðir.
4. Það er mat samkeppnisráðs að rannsókn samkeppnisyfirvalda á váttryggingamarkaðnum hafi þegar leitt til þess að tryggingafélögin hafi tekið til endurskoðunar samskipti sín og samstarf með ákvæði samkeppnislaga og markmið að leiðarljósi.

-Ýmsum tryggingasamsteypum og samstarfsþáttum var slitið í kjölfar rannsóknarinnar og tekin hefur verið ákvörðun um að ÍE hætti allri endurtryggingastarfsemi og verði lögð niður. Þá hefur SÍT verið settar nýjar samþykktir.

## II.

Í því skyni að koma í veg fyrir röskun á samkeppni á váttryggingamarkaði beinir samkeppnisráð m.a. eftirfarandi fyrirmælum til málsaðila:

1. Óheimilt er að nema eitt af aðildarfyrirtækjum SÍT skipi á hverjum tíma einhvern af æðri stjórnendum fyrirtækjanna í stjórn SÍT eða stjórn annarra samtaka eða félaga þar sem meginstarfsemi er á váttryggingasviði.
2. SÍT og ÍE er óheimilt að afla og miðla upplýsingum og gögnum til váttryggingafélaganna sem lúta að verði, verðlagningu og viðskiptakjörum félaganna, keppinauta þeirra og birgja. Þetta á einnig við um upplýsingar um þjónustu, markaðsmál, viðskiptastefnu, samkeppnishætti og áætlanir váttryggingafélaganna og keppinauta þeirra og rekstrar- og efnahagslega stöðu viðskiptavina félaganna.
3. SÍT og ÍE er óheimilt að fara með opinbert fyrirsvor er varðar verðlagningu og þjónustu váttryggingafélaganna. Ennfremur er þeim óheimilt að sinna hagsmunagæslu sem lýtur að málarekstri fyrir stjórnvöldum sem varðar keppinauta tryggingafélaganna.

Þau fyrirmæli sem beint er til aðila málsins eru sett fram í 11 töluliðum í ákvörðun samkeppnisráðs.